

Tilmæli 35/2024
Tillaga A 1992/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Eftirfylgni Norðurlanda með markmiðum alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 31. október 2024 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að greina og meta hver markmiðanna um lífbreytileika eru þess eðlis að Norðurlöndin geti átt samstarf um þau og kanna í því samhengi meðal annars hvaða tegundir, búsvæði og vistkerfi hafa sameiginlega þýðingu fyrir öll Norðurlönd;

að halda ráðstefnu um lífbreytileika á grundvelli ofangreindra atriða með það fyrir augum að ræða hvernig Norðurlönd geta fylgt eftir heimsmarkmiðum um lífbreytileika (The Global Biodiversity Framework); og

að semja norræna áætlun með markmiðum og aðgerðum í þágu innleiðingar heimsmarkmiða um lífbreytileika á Norðurlöndum.

Reykjavík, 31. október 2024

Bryndís Haraldsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs